

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Prúnarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrri málslíður 16. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 22. maí 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Árni M. Mathiesen.*

22. maí 2000

Nr. 93

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 1 14. janúar 1999 og 1. gr. laga nr. 9 16. mars 1999:
- Í stað ártalsins „2000“ í 1. mgr. kemur: 2001.
  - Í stað ártalsins „2000“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: 2001.
  5. málsl. 5. mgr. fellur brott.

2. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXIII við lögin, sbr. ákvæði til bráðabirgða I við lög nr. 1 14. janúar 1999 og 2. gr. laga nr. 9 16. mars 1999:
- Í stað orðanna „1998/1999 og 1999/2000“ í 1. mgr. kemur: 1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001.
  3. málsl. 4. mgr. orðast svo: Heimilt er að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki frá einu fiskveiðiári yfir til þess næsta á eftir.
  - Í stað orðanna „á hvoru fiskveiðiári 1998/1999 og 1999/2000“ í 6. mgr. kemur: á hverju fiskveiðiári.
  - Í stað orðanna „hvoru fiskveiðiári“ í síðasta málslíð 6. mgr. kemur: hverju fiskveiðiári.
  - Í stað orðanna „á hvoru fiskveiðiári 1998/1999 og 1999/2000“ í fyrri málslíð 8. mgr. kemur: á hverju fiskveiðiári.
  - Í stað orðanna „hvoru fiskveiðiári“ í síðari málslíð 8. mgr. kemur: hverju fiskveiðiári.